

Gluggi í austurátt: Þýðingasaga íslenskra og kínverskra bókmennta

Í þýðingum íslenskra og kínverskra bókmennta kennir ýmissa grasa þótt beinar þýðingar á milli málanna hafi lengst af verið fátíðar. Þjóðirnar státa báðar af ríkulegum bókmenntaarfi en val á verkum til þýðinga hefur að miklu leyti mótast af samfélagsaðstæðum og pólitísku andrúmslofti hvers tíma. Í þessari samantekt þýðinga verður leitast við að skýra val á verkum og setja í sögulegt samhengi. Skipta má þýðingum á milli íslensku og kínversku niður í þrjú tímabil sem verða rakin í eftirfarandi umfjöllun.

1. Tímabil fyrstu skrefa, frá útgáfu fyrstu þýðingarinnar 1921 og fram til 1937.
2. Tímabil sósíalísks eldmóðs, frá stofnun Alþýðulýðveldis Kína 1949 og fram til 1977.
3. Tímabil jafnvægis og vaxandi samskipta, frá 1978 og fram til okkar daga.

Titlar og heiti kínverskra höfunda verða rituð með samræmdri *pinyin*-umritun sem nú tíðkast auk kínverskra tákna til aukins skýrleika. Þó fá eldri umritanir að halda sér í bókfræðilegri skráningu verka í neðanmáli til að gæta samræmis við skráningarkerfi Landsbókasafns þar sem svo ber undir. Umfjölluninni er ekki ætlað að vera tæmandi skrá þýðinga en ætti að veita góða yfirsýn yfir þýðingasögu íslenskra og kínverskra bókmennta.

1. Tímabil fyrstu skrefa

Árið 2021 eru liðin 100 ár síðan *Daodejing* 《道德经》¹ var fyrst þýdd á íslensku undir titlinum *Bókin um veginn* og gefin út af Bókaverslun Guðmundar Gamaliélssonar í Reykjavík. Bræðurnir Jakob Jóhannesson Smári og Yngvi Jóhannesson þýddu bókina aðallega eftir danskri þýðingu Ernst Möller (útg. 1909) og enskri þýðingu James Legge (útg. 1891).²

Hálfri öld síðar var bókin endurútgefin með formála eftir Halldór Laxness en mörgum var kunnugt hve nóbelskálidið var hrifið af bókinni sem hann vitnaði margoft í. Í formála Halldórs greinir hann frá æskuminningum um langar umræður þeirra Erlends Guðmundssonar í Unuhúsi, Sigurðar Jónassonar og Þórbergs Þórðarsonar um *Daodejing* sem þeir töldu auk sanskrítarritsins *Bhagavad Gita* merkustu rit heims. Halldór telur sennilegt að áhugi á guðspeki héraendis hafi „orðið til að ljúka upp glugga í austurátt og draga þessar bækur í sjónmál vina minna“.³

Bræðurnir Jakob og Yngvi, sem réðust í þýðingu verksins, voru miklir tungumálamenn og Jakob lengi yfirkennari Menntaskólans í Reykjavík auk þess sem hann sat í stjórn Sálarrannsóknarfélags Íslands. *Daodejing* er stutt kver og fyrirliggjandi þýðingar með orðskýringum hafa án efa orðið bræðrunum hvatning til verksins en ekkert kínverskt rit hafði áður verið gefið út á íslensku. Yngvi Jóhannesson getur þess að Guðmundur Hjaltason (1853–1919) hafi verið þeim bræðrum fyrri til og þýtt *Daodejing* eftir þýskri útgáfu Fr. W. Noack en sú þýðing hafi ekki komið út á prenti.⁴

Ritíð hefur síðan verið þýtt á íslensku að minnsta kosti þrisvar. Fyrst kom út þýðing Sörens Sörenssonar *Tao Teh King eða Bókin um dyggðina og veginn*⁵ sem Helgiritáútgáfan gaf út 1942. Sören þýddi

1 Í stað skálettrunar eru titlar bóka og tímarita á kínversku auðkenndir með sérstökum tvöföldum sviga.

2 Lao-tse, *Bókin um veginn*, Jakob Jóhannesson Smári og Yngvi Jóhannesson þýddu, Reykjavík: Bókaverslun Guðmundar Gamaliélssonar, 1921, bls. 92–93.

3 Lao-tse, *Bókin um veginn*, Jakob Jóhannesson Smári og Yngvi Jóhannesson þýddu, Reykjavík: Stafafell, 1971, formáli Halldórs Laxness bls. 5–6.

4 Yngvi Jóhannesson, „Tao Teh King, eða Bókin um dyggðina og veginn“, *Morgunblaðið*, 16. desember 1942, bls. 4.

5 Lao-tse, *Tao Teh King eða Bókin um dyggðina og veginn*, Sören Sörenson, Reykjavík: Helgiritáútgáfan, 1942.

eftir enskri útgáfu *Tao Te Ching*⁶ eftir kínverska fræðimanninn Chu Dagao (初大告 áður umritað Ch'u Ta-ka). Næst kom út þýðing Njarðar P. Njarðvík úr ensku og frönsku, *Tao te King: bókin um veginn og dyggðina*, gefin út af JPV 2004. Svo að lokum frumþýðing Ragnars Baldurssonar úr fornkínversku undir titlinum *Ferlið og dygðin* gefin út af Hinu íslenska bókmenntafélagi árið 2010. Álitamál er hvort telja skuli með þýðingu eða endursögn Gunnars Dal, *Bókina um Tao*, byggða á *Daodejing*, sem kom út 1998 hjá bókaútgáfunni Muninn en þar er nokkurt skáldaleyfi notað og þess ekki getið í formála hvaða útgáfur höfundur studdist við en ljóst er að ekki var þýtt úr fornkínversku.

Kínaáhugi Íslendinga á þriðja áratugnum einskorðaðist ekki við forna lífs- og stjórnspeki. Íslenskir esperantistar fengu snemma hug á samskiptum við Kínverja. Þeirra á meðal var Þórbergur Þórðarson, sem þýddi grein úr tímaritinu *Esperanto* eftir kínverskan esperantista að nafni Liang-chu-vaj⁷ og birti í *Alþýðublaðinu* 26. nóvember 1927.⁸ Greinin er ádeila á hægagang Þjóðabandalagsins, undanfara Sameinuðu þjóðanna, í afvopnunarmálum og ber þess vitni að esperantó og alþjóðleg tímarit esperantista veittu Kínverjum aðgang að ákveðnum alþjóðlegum umræðuvettvangi. Meira kveður að esperantistum á tímum kalda stríðsins en í millitíðinni voru fyrstu íslensku bækurnar þýddar á kínversku og gefnar út í Kína.

Íslenskar bókmenntir virðast fyrst hafa verið kynntar til leiks í Kína við lok þriðja áratugar síðustu aldar. Mao Dun (茅盾), vinstri-sinnað raunsæisskáld, skrifaði samantekt á nútímabókmenntum nú Evrópulanda sem kom út 1929, *Jindai wenzue mianmianguan* 《近代文学面面观》,⁹ og er þriðji kaflinn, á eftir köflum um Danmörku og Noreg, tileinkaður Íslandi. Þar nafngreindir hann fjóra íslenska samtímahöfunda, þá Jónas Guðlaugsson, Jóhann Sigurjónsson, Gunnar Gunnarsson og Guðmund Kamban en þeir skrifuðu mörg af verkum sínum á dönsku. Mao Dun telur þá geta vakið athygli á

6 Ch'u Ta-ka, *Tao Te Ching*, New York: Routledge Chapman & Hall, 1937, *non vidi*.

7 Þetta er esperantó-umritun nafnsins sem sennilegast var umritað Liang Chu-wai á gamla mótann en myndi í *pinyin*-umritun vera Liang Zhuwai. Ekki tókst að finna nánari upplýsingar um greinarhöfundinn.

8 Þórbergur Þórðarson, „Hvað gerir Þjóðabandalagið?“, *Alþýðublaðið*, 26. nóvember 1927, bls. 3.

9 Mao Dun (茅盾), *Jindai wenzue mianmianguan* 《近代文学面面观》, Shanghai: Shijie shuju (世界書局), 1929, *non vidi*.

heimsvísu fyrir samfélagslýsingar frá svo afskekktum stað og hinar mannlegu tilfinningar sem höfundarnir lýsi frá einstöku sjónarhorni. Hann telur Jóhann Sigurjónsson mesta leikskáld Íslands og nefnir í því samhengi sérstaklega viðhorf til kvenna fyrir á öldum.¹⁰ Þar vísar hann til leikverksins *Fjalla-Eyvindar* um útlagana Fjalla-Eyvind og Höllu sem hlaut stórgóðar viðtökur við frumsýningu í Reykjavík 1911. Árið eftir var það sett upp í Kaupmannahöfn, svo víðar um Evrópu¹¹ og loks í New York 1921.¹²

Á fyrri helmingi 20. aldar var gífurlegur fjöldi vestrænna trúboða starfandi í Kína. Þeirra á meðal var Íslendingurinn Ólafur Ólafsson, sem vann með norskum trúboðum á landamærum héraðanna Hubei og Henan inni í miðju landi. Fyrir tilstilli Ólafs var fyrsta íslenska ritið þýtt og gefið út á kínversku 1928 og var það útgáfa með völdum versum *Passíusálmanna* eftir Hallgrím Pétursson. Þýðinguna gerði bandaríski trúboðinn Harry Price úr ensku¹³ og voru *Shijiakefeng* 《詩家可風》,¹⁴ Passíusálmarnir kínversku, gefnir út af Religious Tract Society for China í Wuhan¹⁵ og Shanghai fyrir íslenskt samskotafé. Þýðandinn gætir þess víða að halda bragarhætti með endarími. Ekki er laust við að Íslendingar hafi fyllst stolti yfir þessu menningarframlagi eins og lesa má í tímaritinu *Ljósberanum* vorið eftir: „Það er mikill heiður fyrir þjóðina okkar fámennu að Passíusálmarnir skuli vera komnir á kínversku og skemtilegt fyrir minstu þjóðina að geta sent stærstu þjóðinni slíka trúarljóða-gimsteina.“¹⁶

Stuttu síðar var gefin út önnur bók með verkum Íslendings á kínversku þegar tvær sögur Jóns Sveinssonar, betur þekktur sem Nonni, voru þýddar úr frönsku¹⁷ og gefnar út af bókaútgáfu kaþólsku kirkj-

10 Shi Qin'e (石琴娥), „冰岛文学在中国“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“), *Wenyi Bao* 《文艺报》, 14. maí 2014, bls. 7, aðgengilegt á vef Kínverska rithöfundafélagsins (China Writers Association), <http://image.chinawriter.com.cn/61/2014/0514/U33875P843T61D1168F789DT20140514065908.pdf> [sótt 25. maí 2020].

11 Jón Viðar Jónsson, *Kaktusblómíð og nóttin*, Akureyri: Hólar, 2004, bls. 17.

12 „Fjalla-Eyvindur“, *Morgunblaðið*, 17. apríl 1921, bls. 2.

13 „Passíusálmarnir á kínversku“, *Alþýðublaðið*, 21. apríl 1928, bls. 4.

14 Hallgrím Petursson, *Shijiakefeng* 《詩家可風》, þýð. Harry Price, Hankow og Shanghai: Religious Tract Society for China (中国基督聖教書會), 1928.

15 Þá nefnd Hankow.

16 „Passíusálmarnir á kínversku“, *Ljósberinn*, 6. apríl 1929, bls. 106. Eintak er varðveitt á Landsbókasafni.

17 Titill frönsku útgáfunnar er *Récits Islandais*.

unnar í Yanzhou-borg í Shandong-héraði 1931. Bókin fékk titilinn *Tongzi yuxian ji* 《童子遇险记》¹⁸ sem þýða mætti sem „Svaðilfarir ungra drengja“ og inniheldur tvo hluta af bókunum *Nonni og Manni* og *Sólskinsdagar*.¹⁹ Ný kínversk þýðing²⁰ var unnin af Hu Duan (胡端) og gefin út 1937 af bókaútgáfu hins kaþólska Zhendan-háskóla í Shanghai í sambandi við heimsókn Nonna til Japans og Kína.²¹ Háskólinn var starfræktur af jesúítum sem áttu starfsstöðvar víða í Kína og fleiri löndum Asíu. Á forsíðu seinni þýðingarinnar er sérstaklega tilgreint að bókin sé gefin út með leyfi Auguste Haouissée (á kínversku titlaður *Hui zhujiang* 惠主教) er gegndi hlutverki umsjónarmanns páfa (lat. *vicarius apostolicus*) og var síðar vígður biskup Shanghai.

Nonni hélt í langferð til Japans vorið 1937 og dvaldist þar í boði jesúíta í eitt ár. Á meðan á dvöl hans stóð hélt hann fjölmarga fyrirlestra og hitti sér til mikillar ánægju íslenskumælandi Japani á meðal fræðimanna. Á heimleiðinni kom hann í stutta heimsókn til Shanghai, hersetinnar, en einmitt á þessum tíma voru Japanir að leggja undir sig landsvæði og borgir víða í Kína. Nonni var hugfanginn gestur í Japan og virðist aðeins hafa séð fegraða mynd þarlandra fjölmiðla af stríðinu.²² Af bréfa- og dagbókarskrifum hans frá þessum tíma má sjá að hann studdi málstað Japana á þeim forsendum að stækkandi þjóðina vantaði aukið landrými. Nonni sökkta sér niður í áróðursrit Japana um stríðið í Kína og varð vitni að skruðgöngum þrúðbúinna skólabarna í tilefni af yfirtöku Japana á borginni Nanjing, einum stærsta stríðsglæp Japana í Kína. Ekkert bendir þó til þess að Nonni hafi vitað af þeim ódædisverkum sem þar voru framín.²³

Annar Íslendingur virðist upplifa stríðshættuna skýrar. Oddný Erlendsdóttir Sen bjó um árabíl með eiginmanni sínum Kwei Ting

18 Jón Sveinsson, *Tongzi yuxianji* 《童子遇险记》, þýð. ógetið, Yanzhou: Tianzhusang yinshuguan (天主堂印書館), 1931.

19 Nokkur eintök bókarinnar eru varðveitt á Landsbókasafni, undir titlinum *Tongzi yuxianji*.

20 Jón Sveinsson, *Yi* 《憶》, þýð. Hou Tuan, Shanghai: Zhendan daxue (震旦大学), 1937.

21 Í seinni þýðingu *Récits Islandais* er aðeins að finna söguna *Nonni og Manni*. Kínverskur titill bókarinnar er *Yi* 《憶》 sem mætti þýða sem *Minningar*. Nafn þýðandans er í eldri umritun en væri nú umritað Hu Duan. Bókin er varðveitt á Landsbókasafni undir titlinum *Yi; Récits Islandais: Nonni et Manni*.

22 Kristín Ingvarsdóttir, „Frá Sóleyjum“, *Skírnir*, vor 2017, bls. 80–114, hér bls. 96–99.

23 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, Reykjavík: Opna 2012, bls. 397–398 og 402.

Sen²⁴ (孙贵定) og börnum þeirra í hafnarborginni Xiamen²⁵ í Suður-Kína. Árið áður en Oddný yfirgaf Kína með börn sín hafði henni tekist að fá skáldsöguna *Brúðarkjólinn*²⁶ eftir Kristmann Guðmundsson þýdda úr ensku og gefna út á kínversku hjá Bókaforlagi verslunarmanna í Shanghai. Sagan gerist í íslenskri sveit á umrótstímum og Kristmann þótti laginn við persónusköpun og lýsingar á sveitalífinu. Kínverski þýðandinn, Tang Xuzhi (唐旭之), nefnir í eftirmála að hann hafi þýtt bókina vegna einlægrar vonar Oddnýjar um að auka skilning þjóðanna hvorrar á annarri og að fátt nýttist betur til þess en bókmenntir. Hann skrifar jafnframt að Kínverjar þekki lítið sem ekkert til íslenskra bókmennta nema þeir sem hafi sérstakan bókmenntaáhuga en þeir viti auðvitað af ríkulegum bókmenntaarfi Íslands í eddukvæðum og fornsögum. Hins vegar þekki fólk ekki til nútímabókmennta og því sé nýútkomin þýðing *Brúðarkjólins* vænleg til úrbóta enda vel skrifuð raunsæissaga af sveitalífi og átökum ólíkra kynslóða.²⁷

Oddný skrifar í inngangi bókarinnar stutta kynningu á sögu og náttúru Íslands. Hún lýsir meðal annars fjalllendi og jarðhita, Geysi og björtum sumarnóttum þar sem hægt sé að lesa á miðnætti andstætt löngum svörtum vetrarnóttum þegar himinninn lýsist upp af glitrandi norðurljósum. Hún lýsir landnáminu og Haraldi hárfagra, varðveislu tungumálsins, handritum miðalda og friðsælu samfélagi nútímans.

2. Tímabil sósíalísks eldmóðs

Á tímum innrásarstríðs Japana 1937–1945 og svo borgarastríðsins sem tók við í Kína gafst lítið tóm til bókmenntaþýðinga. Íslenskir sósíalistar fylgdust af áhuga með framgöngu kommúnista og stofnun Alþýðulýðveldisins Kína 1949. Um það leyti tóku að koma út íslenskar þýðingar á verkum kínverskra höfunda sem áttu það sameiginlegt að vera umbótasinnaðir byltingarmenn er fundu sinn farveg

24 Hér er brugðið frá *pinyin*-umritun þar sem nafn hans er þekkt í þessari eldri umritun á Íslandi.

25 Þá nefnd Amoy.

26 Kristmann Guðmundsson, *Hsin niang li fu* 《新娘禮服》, þýð. Tang Xuzhi, Shanghai: Commercial Press (商务印书馆有限公司), 1936. Bókin er varðveitt á Landsbókasafni.

27 Sama rit, eftirmáli.

á meðal vinstriðanna. Þar má nefna Xiao Jun, Lu Xun, einn þekktasta höfund Kína, Guo Moruo,²⁸ afkastamikinn rithöfund og þýðanda, Mao Dun, þann er ritaði kaflann um íslenskar bókmenntir, Ye Junjian, sem var liðtækur esperantisti, og rithöfundinn og leikskáldið Lao She. Helstu útgefendur þýðinganna voru Mál og menning og Heimskringla í Reykjavík.

Fyrst slíkra þýðinga var bókin *Síðsumar*, á frummálinu *Bayue de xiangcun* 《八月的乡村》²⁹ beinþýtt „Þorpið í ágúst“, eftir Xiao Jun (萧军), sem einnig var fyrsta samtímaskáldsaga Kínverja þýdd á ensku.³⁰ Bókin fjallar um raunir Kínverja í Japansstríðinu og var gefin út með formála bandaríska blaðamannsins Edgars Snow sem frægur varð fyrir heldur jákvæða umfjöllun og persónuleg tengsl sín við leiðtoga kínverskra kommúnista. Gísli Ásmundsson þýddi og bókin var gefin út af Bókasafni Helgafells sumarið 1949. Öllu þekktari eru smásögur Lu Xun (鲁迅) og var safnrit með fimm sögum hans undir titlinum *Mannabörn*³¹ gefið út af Heimskringlu 1957. Halldór Stefánsson sneri úr ensku og má þar meðal annars finna smásögurnar *Sjálf sagan af Ah Q* 《阿Q正传》 og *Dagbók vitfirrings* 《狂人日记》.

Skáldsagan *Fjallaþorpið* eftir Ye Junjian³² (叶君健) kom út 1961 í þýðingu Hannesar Sigfússonar sem einnig íslenskaði leikritið *Ódinn um glóaldinlundinn*, á kínversku *Qu Yuan* 《屈原》,³³ eftir Guo Moruo (郭沫若). Inngangsorð *Fjallaþorpsins* ritar Halldór Laxness sem kynntist Ye persónulega og hælir honum fyrir vel skrifað verk þar sem „Kína sjálft er í bókinni dregið saman í ofurlítið afskekt fjallaþorp“ er veiti lesandanum skýra innsýn í eðli kínversku bændabyttingarinnar. Halldór segist jafnframt hafa átt nokkurn hlut að útgáfu skáldsögu vinar síns á íslensku.³⁴

28 Einnig þekktur undir nafninu Kuo Mo-jo.

29 T'ien Tsün (dulnefni Xiao Jun), *Síðsumar*, Gísli Ásmundsson, Reykjavík: Bókasafn Helgafells, 1949.

30 John K. Fairbank og Albert Feuerwerker, *The Cambridge History of China, Volume 13: Republican China 1912–1949*, Cambridge: Cambridge University Press, 2002 [1986], bls. 455.

31 Lú Hsun, *Mannabörn*, Halldór Stefánsson, Reykjavík: Heimskringla, 1957.

32 Ye skrifaði bókina *Fjallaþorpið* á ensku undir titlinum *The Mountain Village*. Á íslensku var nafn hans umritað Jeh Tsjún-tsjen en hann var einnig þekktur undir dulnefninu Cicio Mar fyrir skrif sín á esperantó.

33 Kuo Mo-jo, *Ódurinn um glóaldinlundinn* eða *Sjú Júan*, Hannes Sigfússon, Reykjavík: Heimskringla 1958.

34 Jeh Tsjún-tsjen, *Fjallaþorpið*, Hannes Sigfússon, Reykjavík: Mál og menning, 1961, bls. 5–7.

Halldór Laxness var afar áberandi rithöfundur í röðum íslenskra vinstrimanna og um skeið virkur í Heimsfriðarráðinu sem sovéski kommúnistaflokkurinn kom á fót snemma í kalda stríðinu. Á upphafsárum Alþýðulýðveldisins Kína voru Kínverjar undir miklum áhrifum frá Rússum. Halldór Laxness hlaut bókmenntaviðurkenningu Heimsfriðarráðsins 1953³⁵ og bókmenntaverðlaun Nóbels 1955. Hann var því ákjósanlegur höfundur í augum Kínverja þegar kom að þýðingum erlendra bókmennta og voru nokkur verka hans þýdd úr rússnesku á síðari helmingi sjötta áratugarins.

Fyrst birtust sögurnar *Saga úr síldinni* og *Lilja*, árið 1956 í safnríti³⁶ með smásögum frá Sovétríkjunum, Júgóslavíu, Norður-Kóreu og Víetnam. Árið eftir var *Atómstöðin*³⁷ gefin út í þýðingu Guo Shuke (郭恕可) hjá Útgáfufélagi rithöfunda í Beijing. Leikverkið *Silfur-túnglið*³⁸ fylgdi í kjölfarið árið 1959, einnig í þýðingu Guo Shuke auk Li Xing (李醒), gefið út af Bókmenntaútgáfu alþýðunnar. Sögurnar eiga það sameiginlegt að fjalla um líf íslensks alþýðufólks sem oft verður erfitt í átökum við auðstéttina.

Árið 1959 kom einnig út smásagnasafn³⁹ á kínversku þýtt úr rússnesku með sögum „skandinavískra“ höfunda, þar á meðal voru átta sögur eftir fjóra íslenska höfunda. Auk þriggja smásagna eftir Halldór Laxness, *Nýja Ísland*, *Napóleon Bónaparti* og *Lilja*, eru þar sögurnar *Fedgarnir* eftir Gunnar Gunnarsson,⁴⁰ *Hengilásinn* eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson og *Vér mótmælum allir* eftir Halldór Stefánsson.⁴¹ Þýðingarnar önnuðust Tian Yi (田怡) og Guo Shuke og var safnið gefið út af Bókmenntaútgáfu alþýðunnar í Beijing.

35 Halldór Laxness, „Heima og heiman“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1954, bls. 7–22, hér bls. 20.

36 Titill safnritsins er *Yiwen* 《譯文》 en er á Landsbókasafni varðveitt undir titli smásagna Halldórs Laxness í eldri umrituninni *Ch'ing-yü* ; *Lilia* (í pinyin-umritun *Qingyu* og *Liliya*). Halldór Laxness, *Qingyu* ; *Liliya* (青魚·莉里亞), þýð. Lin Yun (林耘) og Yi Xin (伊信), útgáfu-staðar ekki getið: útgefanda ekki getið, mars 1956.

37 Halldór Laxness, *Yuanzizhan* 《原子站》, þýð. Guo Shuke, Beijing: Zuoja chubanshe (作家出版社), 1957.

38 Halldór Laxness, *Bei chumai de yaolanqu* 《被出賣的搖籃曲》, þýð. Guo Shuke og Li Xing, Beijing: Renmin wenxue chubanshe (人民文學出版社), 1959.

39 Halldór Laxness o.fl., *Sikandinaveiða zuoja duanpian xiaoshuo xuan* 《斯堪的納維亞短篇小說選》, þýð. Guo Shuke og Tian Yi, Beijing: Renmin wenxue chubanshe, 1959, *non vidi*.

40 Á Skriðuklaustri lá ekki fyrir vitneskja um kínversku þýðinguna en forstöðumaður þess, Skúli Björn Gunnarsson, benti höfundi á að sagan *Fedgarnir* hefði sennilega verið þýdd úr þýsku, þar titluð *Der Sobn*.

41 Shi Qin'e (石琴娥), „Island literature in China“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

Halldór Laxness hélt ásamt Auði Sveinsdóttur konu sinni í heim-sókn til Kína í lok árs 1957. *Atómstöðin* var þá nýkomin út á kínversku og dvöldust þau hjónin í landinu mestallan desembermánuð í boði Vináttusamtaka Kína við erlend ríki (CPAFFC).⁴² Auk gestgjafanna og Ye Junjian hittu þau meðal annarra íslenskan námsmann að nafni Skúli Magnússon.⁴³ Skúli nam fornkínversku við Beijing-háskóla og hefur sennilega verið fyrstur til að þýða beint úr kínversku á íslensku og birta á prenti en nánar verður vikið að því síðar.

Halldór var sérlega hrifinn af daóisma, sem hann kynntist ungur í *Daodejing* eins og áður segir, og þurfti að hafa örlítið fyrir því að fá að heimsækja hof daóista en kínverskir kommúnistar hafa eflaust frekar viljað sýna honum birtingarmyndir nútímaframfara. Í daóistahof komst hann þó og var alsæll með heimsóknina þar sem hann fékk tækifæri til að ræða við aldraðan yfirprest. Taldi Halldór heim-sóknina annað tveggja „merkilegra ævintýra“ er hann hefði ratað í á för sinni í kringum hnöttinn en hitt var heimsókn hans og merkur bókarfundur á bókasafni mormóna í Utah.⁴⁴ Halldór hélt fyrirlestur um íslenskar bókmenntir hjá Kínverska rithöfundafélaginu í Beijing og skrifaði grein í tímarit þess, *Wenyibao* 《文艺报》, undir fyrir-sögninni *Eddas and Sagas*⁴⁵ 《冰岛的埃达和萨迦》.^{46 47}

Svo virðist sem gestgjöfunum hafi þótt nokkuð til íslenskra forn-bókmennta koma. Tæpu ári eftir heimsókn Halldórs til Beijing er kínversk þýðing á *Gunnlaugs sögu ormstungu*,⁴⁸ sem er tiltölulega stutt í samanburði við til dæmis *Njálu* eða *Laxdælu*, gefin út af Bókmenntaútgáfu alþýðunnar. Guo Shuke þýddi, líkast til úr rússnesku. Þýðingin er fertugasta smábókin í ritröð jafnt innlendra sem erlendra bókmennta frá fornöld til marxískra samtímamanna. Á bókar-kápunni er skýrt frá því að nú á tímum hinnar pólitísku herferðar

42 „Kína og Indlandsdvöl Halldórs Laxness mun nú vera lokið“, *Þjóðviljinn*, 12. febrúar 1958, bls. 3 og 12.

43 Auður Sveinsdóttir Laxness, „Úr Kínadagbók“, *Melkorka*, 1958, bls. 4–7, hér bls. 7.

44 Halldór Laxness „Þessi hlutur – eða tónlist af streingjum“, *Tímarit Máls og menningar*, 1/1958, bls. 11–18, hér bls. 14–18.

45 „Kína og Indlandsdvöl Halldórs Laxness mun nú vera lokið“, *Þjóðviljinn*, 12. febrúar 1958, bls. 3 og 12.

46 Shi Qin'e (石琴娥), „冰岛文学在中国“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

47 Halldór Laxness, „Bingdao de Aida he Sajia“ 《冰岛的埃达和萨迦》, þýð. Huang Xingyin (黄星垠), *Wenyibao* 《文艺报》, 1958, *non vidi*.

48 Höfundur óþekktur, *Gonglaoge yinxiong chuanshuo* 《贡劳格英雄传说》, þýð. Guo Shuke, Beijing: Renmin wenzue chubanshe, 1958.

„Stóra stökksins“⁴⁹ sé tími af skornum skammti og því séu þessar stuttu bækur, sem megi bera á sér og lesa í frítíma, gefnar út. Við lesturinn sé ekki aðeins hægt að öðlast þekkingu á heimsbókmenntum heldur einnig þekkingu á möguleikum lífsins. Þýðandi ritar í formála að fornsögur Íslands séu hluti af dýrmætum menningararfi landsins og standi framarlega á meðal evrópskra bókmennta.⁵⁰

Haustið 1959 var fræðirit Einaris Ólafs Sveinssonar, *Sturlungaöld: drög um íslenska menningu á þrettánda öld*,⁵¹ þýtt úr ensku og gefið út af Menntamálaútgáfu Shanghai.⁵² Brot úr íslenskum fornþekkingu er einnig að finna í kínverskri þýðingu *Scandinavian Legends and Folk-tales*⁵³ eftir velska fræðimanninn Gwyn Jones⁵⁴ sem gefin var út af Bókmenntaforlagi Shanghai 1960. Gwyn valdi meðal annars hluta af *Grettis sögu* þegar Grettir glímir við drauginn Glám og hluta nokkurra þátta⁵⁵ úr *Flateyjarbók* í Þjóðsagnasafnið.

Eftir að slitnaði upp úr nánnum tengslum Kínverja við Rússa 1960 var Halldór Laxness ekki þýddur frekar á meginlandi Kína fyrr en á níunda áratugnum. Raunar virðist lítið hafa gerst í útgáfu íslenskra þýðinga í Kína næstu árin ef frá er talið smásagnasafn⁵⁶ með sex sögum eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson sem kom út á kínversku 1962 hjá Útgáfufélagi rithöfunda í Beijing.⁵⁷ Ólafur var ásamt Hannesi Sigfús-syni í hópi íslenskrar sendinefndar Kínversk-íslenska menningarfélagsins (KÍM) sem heimsótti Kína haustið 1960.⁵⁸

49 „Stóra stökkið“ eða „Stóra stökkið fram á við“ (kínv. *Dayuejin*) var pólitísk herferð yfirvalda til að reyna að endurnóta stefnu Kína í iðnaði og landbúnaði og átti að margfalda framleiðslu landsins með vinnuafla bænda á samyrkjubúum en mistókst hræpallega.

50 *Gonglaoge yingxiong chuanshuo* 《贡劳格英雄传说》，þýð. Guo Shuke, Beijing: Renmin wenxue chubanshe, 1958, bls. 1. Eintak af bókinni er varðveitt á Landsbókasafni.

51 Einar Ólafur Sveinsson, *Sidelong sbidai: sbisan sbiji Bingdao wenbua* 《斯德龙时代 十三世纪的冰岛文化》，þýð. Yang Lixin (楊立信), Shanghai: Shanghai jiaoyu chubanshe (上海教育出版社), 1959.

52 Shi Qin'e (石琴娥), „Island literature in China“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

53 Gwyn Jones, *Sikandinaweiya minjian gushi* 《斯堪的納維亞民間故事》，þýð. Mei Shaowu (梅紹武), Shanghai: Shanghai wenxue chubanshe (上海文学出版社), 1960.

54 Gwyn Jones er kunnur fyrir rannsóknir og þýðingar á norrænum fornþekkingu og var sæmdur riddarakrossi íslensku fálkaorðunnar 1963 og stórriddarakrossi fálkaorðunnar 1987.

55 Þorleifs þátrr jarlaskálds, Auðunar þátrr vestfirska, Þorsteins þátrr skelks og Nornagests þátrr.

56 Ólafur Jóhann Sigurðsson, *Xigudexun duanpian xiaoshuo* 《西古德遜短篇小说》，þýð. Guo Shuke og Guo Kailan (郭开兰), Beijing: Zuoja chubanshe, 1962.

57 Shi Qin'e (石琴娥), „Island literature in China“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

58 „Íslendingar til Kína“, *Þjóðviljinn*, 21. september 1960, bls. 10.

Námsmaðurinn Skúli Magnússon sneri heim frá Kína 1961 eftir fjögurra ára dvöl í Beijing. Tvær þýðingar hans á sögum eftir Lao She (老舍)⁵⁹ eru birtar í *Eimreiðinni* 1962 og í *Tímariti Máls og menningar* 1964. Skúli þýddi jafnframt valda kafla úr *Zhuangzi* 《莊子》,⁶⁰ einu þekktasta riti daóista, og var það gefið út af Menningarsjóði í Reykjavík 1969 undir titlinum *Vegurinn og dygðin*. Þetta er eina íslenska þýðingin sem unnin hefur verið úr *Zhuangzi* og sennilega fyrsta bókin sem þýdd er beint úr kínversku. Þýðing heimspekiritisins er ákveðin undantekning frá þeim kínversku raunsæis- og byltingar-bókmenntum sem annars komu út á þessu tímabili.

Önnur lítil undantekning er kínversk myndasaga sem Ólafur Ólafsson Kínatrúboði þýddi og birt var mánaðarlega í hlutum í kristilega barnablaðinu *Ljósberanum*⁶¹ 1952–1953 og kom síðan út á bókarformi undir titlinum *Ging Lin*.⁶² Myndasagan fjallar um kynni fátækrar bátafjölskyldu af kristniboða og kraftaverkalækningum. Eins og Skúli var Ólafur vel kínverskumælandi eftir samtals fjórtán ára starfsdvöl í Kína.

Nokkuð var birt af kínverskum smásögum í íslenskum tímaritum jafnaðarmanna. Að minnsta kosti ein þeirra var þýdd úr esperantó og birt í pólitíska kvennaritinu *Melkorku*⁶³ í nóvember 1955 í þýðingu Kristófers Grímssonar. Þóra Vigfúsdóttir þýddi kínverskt ævintýri sem birt var í desemberblaði *Melkorku*⁶⁴ 1959 og í sama tölu- blaði birtust einnig þýðingar Halldóru B. Björnsson á nokkrum forn- ljóðum úr *Shijing* (詩經). Lítið var um þýðingar á kvenkyns höf- undum á þessu tímabili en þó kom sagan *Brennandi æska* 《青春之歌》⁶⁵ eftir Yang Mo (楊沫) í þýðingu Þóru Vigfúsdóttur út hjá Heimskringlu 1966. Þetta er dæmigerð byltingarsaga um ungt fólk sem brennur af ástríðu í baráttu fyrir breyttu samfélagi.

59 Lao She, „Nágrannarnir“ 《邻居们》, Skúli Magnússon, *Eimreiðin* 3. hefti 1962, bls. 237–248. Lao She, „Hálfmáninn“ 《月牙儿》, Skúli Magnússon, *Tímarit Máls og menningar* 4. tbl. 1964, bls. 361–385.

60 Höf. óþekktur, *Vegurinn og dygðin* 《莊子》, Skúli Magnússon, Reykjavík: Menningarsjóður, 1969.

61 Höf. óþekktur, „Ging Lin“ (fyrsti hluti), Ólafur Ólafsson, *Ljósberinn* 7. tbl. 1952, bls. 85.

62 Höf. óþekktur, *Ging Lin: myndasaga frá Kína*, Ólafur Ólafsson, Reykjavík: Lilja, 1953.

63 Cin Gau-jang, „Það barst með blænum“, Kristófer Grímsson, *Melkorka* 3. tbl. 1955, bls. 86–90. (Ath. að nafn höfundar er í esperantó-umritun, væri mögulega Jin Gaoyang eða Qin Gaoyang í *pinyin*-umritun.)

64 Höf. óþekktur, „Áklæðið fagra“, Þóra Vigfúsdóttir, *Melkorka* 3. tbl. 1959, bls. 89–92.

65 Yang Mo, *Brennandi æska*, Þóra Vigfúsdóttir, Reykjavík: Heimskringla, 1966.

Brynjólfur Bjarnason, um árabil einn helsti leiðtogi íslenskra kommúnista, þingmaður og ráðherra, þýddi ásamt fleirum ritgerðir⁶⁶ Maos Zedongs. Brynjólfur þýddi einnig úr ensku *Rauða kverid* 《毛主席语录》⁶⁷ með tilvitnunum í ræður Maos sem kom út á íslensku 1967. Á þessum árum voru yfirvöld Alþýðulýðveldisins Kína enn að berjast fyrir viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á stöðu sinni sem ríkjandi stjórn landsins og fyrir myndun stjórnmálasambands við önnur ríki. Ísland var ekki í stjórnmálasambandi við Kína fyrir byltingu kommúnista 1949 enda utanríkisþjónustan umsvifalítill á þeim árum og áhrif Bandaríkjamanna hérlendis talsverð. Staðan hélst óbreytt um árabil en eftir stjórnarskiptin sem urðu hér á landi í júlí 1971 kvað við nýjan tón.

Í stefnuyfirlýsingu hinnar nýju ríkisstjórnar Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Samtaka frjálslyndra og vinstrimanna kom fram stuðningur við málstað Alþýðulýðveldisins Kína sem fulltrúa Kína innan Sameinuðu þjóðanna í stað útlagastjórnarinnar í Taívan.⁶⁸ Stjórnmálasamband við Alþýðulýðveldið Kína var síðan tekið upp í desember 1971. Aðeins þremur mánuðum síðar, í mars 1972, var skáldsagan *Sjálfstætt fólk*⁶⁹ eftir Halldór Laxness gefin út á kínversku í Taívan. Tímasetningin er athyglisverð og undirstrikar pólitíska stefnumótun í vali á bókmenntum til þýðinga á tímum kalda stríðsins.

Við stjórnarskiptin á Íslandi rofaði til í útgáfu fjölbreyttari bókmennta og efnt var til endurútgáfu *Bókarinnar um veginn*⁷⁰ í fyrsta sinn í hálf a öld og nokkru síðar kom út úrval kínverskra ljóða⁷¹ í þýðingu Helga Hálfðanarsonar. Enn voru þó nokkrir sem héldu sínu striki í útgáfu byltingarbókmennta, meðal annars voru ljóð⁷² Maos formanns þýdd og gefin út á íslensku 1977 í kjölfar andláts hans. Sú

66 Mao Tse-tung, *Ritgerðir*, Ásgeir Blöndal, Brynjólfur Bjarnason og Gísli Ásmundsson þýddu, Reykjavík: Heimskringla, 1959–1970.

67 Mao Tse-tung, *Rauða kverid*, Brynjólfur Bjarnason, Reykjavík: Heimskringla, 1967.

68 *Alþingistíðindi 1971–1972*, 92. löggjafarþing B. Umræður: dálkur 2095.

69 Halldór Laxness, *Duli zhi zi* 《獨立之子》, þýð. Song Shuliang (宋樹涼), Taipei: Yuanjing chuban shiye gongsi (遠景出版事業公司), mars 1972.

70 Lao-tse, *Bókin um veginn*, Jakob Jóh. Smári og Yngvi Jóhannesson þýddu, formáli Halldór Laxness, Reykjavík: Stafafell, 1971.

71 *Kínversk ljóð frá liðnum öldum*, Helgi Hálfðanarson, Heimskringla: Reykjavík, 1973.

72 Mao Tse-tung, *Gangan mikla: Ljóð Maos Tsetíngs*, þýð. Guðmundur Sæmundsson, formáli Arnþór Helgason, Reykjavík: Prentúsið: Guðmundur Sæmundsson, 1977.

útgáfa markar enda þessa tímabils, þegar bókmenntir beintengdar stuðningi við málstað kínverskra kommúnista hættu að koma út.

3. Tímabil jafnvægis og aukinna samskipta

Loks tekur við þriðja og síðasta tímabilið sem hér verður rakið og hófst í kjölfar opunarstefnu Kína 1978 en hún markar tímamót í efnahagsþróun landsins. Áhugi á erlendri menningu vaknaði á ný og sett var á fót Stofnun erlendra bókmennta við Fræðastofnun félagsvísinda í Kína (中国社会科学院). Innan stofnunarinnar var agnarlítill deild sem fékkst við norrænar bókmenntir og færðust þýðingar og útgáfur á kínversku í aukana.⁷³ Smásagnasafn⁷⁴ með sögum eftir Halldór Stefánsson, Guðmund Gíslason Hagalín, Jakobínu Sigurðardóttur, Svövu Jakobsdóttur og Ólaf Hauk Símonarson var gefið út í Shanghai 1985. Skáldsögurnar *Sjálfstætt fólk*⁷⁵ og *Salka Valka*⁷⁶ eftir Halldór Laxness voru einnig þýddar og gefnar út í Kína og eru auk eldri þýðinga á verkum hans varðveittar á Landsbókasafni og Gljúfrasteini. Sömmuleiðis voru þýdd fornfræg verk eins og *Njála*⁷⁷ 1983 og síðar eddukvæði (eða *Sæmundar-Edda*)⁷⁸ og úrval Íslendingasagna⁷⁹ sem komu út árið 2000.

Úrval Íslendingasagnanna var gefið út í tveim bindum hjá Bókaforlagi verslunarmanna í Beijing. Það inniheldur Vínlandssögurnar, þ.e. *Grænlandinga sögu* og *Eiríks sögu rauða*, ásamt *Laxdælu* í þýðingu Shi Qin'e (石琴娥), *Vatnsdælasögu* í þýðingu Jin Bing (金冰), *Njálu* í

73 Shi Qin'e (石琴娥), „Íslandslit í Kína“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

74 Halldór Stefánsson, Guðmundur G. Hagalín, Jakobína Sigurðardóttir, Svava Jakobsdóttir, Ólafur H. Símonarson, *Dangdai Bei'ou duanpian xiaoshuoji* 《当代北欧短篇小说集》, þýð. Shi Qin'e (石琴娥) og Si Wen (斯文), Shanghai: Shanghai yiwén chubanshe (上海译文出版社), 1985.

75 Halldór Laxness, *Duli de renmen* 《独立的人们》, þýð. Xue Hongshi (薛鸿时) og Hua Xuan (华萱), Shanghai: Shanghai wenyi chubanshe (上海文艺出版社), 1983.

76 Halldór Laxness, *Bingdao guniang* 《冰岛姑娘》, þýð. Shuang Bi (双璧) og Pu Lin (浦兰), Changsha: Hunan renmin chubanshe (湖南人民出版社), 1985. *Salka Valka* er aftur þýdd og gefin út árið 2002: Halldór Laxness, *Saerka Waerka* 《萨尔卡·瓦尔卡》, þýð. Zhang Fusheng (张福生), Guilin: Lijiang chubanshe (漓江出版社), 2002.

77 Höf. óþekktur, *Niya'er chuanshuo* 《尼亚尔传说》, þýð. Hou Huanhong (侯焕焜), Shanghai: Shanghai yiwén chubanshe (上海译文出版社), 1983, *non vidi*.

78 Höf. óþekktir, *Aida* 《埃达》, þýð. Shi Qin'e og Si Wen, Nanjing: Yilin chubanshe (译林出版社), 2000.

79 Höf. óþekktir, *Sajia xuanji* 《萨迦选集》, þýð. Shi Qin'e, Zhou Jingxing (周景兴), Jin Bing (金冰), Lin Hua (林桦), Chen Wenrong (陈文荣), Beijing: Shangwu yinshuguan (商务印书馆), 2000.

þýðingu Zhou Jingxin (周景兴), *Gunnlaugs sögu ormstungu* í þýðingu Chen Wenrong (陈文荣) og *Egils sögu* í þýðingu Lin Hua (林桦). Þýðendurnir Shi Qin'e og Lin Hua eru þekktir fyrir framlag sitt til kynningar á norrænum bókmenntum. Shi Qin'e hefur skrifað bækur um sögu norrænna bókmennta og þýtt margt úr sænsku og dönsku. Lin Hua tók á sínum tíma að sér opnun kínverska sendiráðsins á Íslandi 1972 og starfaði svo um árabíl í kínverska sendiráðinu í Kaupmannahöfn.

Kínversk þýðing á *Hávamálum*⁸⁰ eddukvæða var gefin út á Íslandi 1996 í þýðingu Vigdísar Wang Chao Bóasson (王超) sem þýddi beint úr íslensku með ráðgjöf Emils Bóassonar. Þýðingin var unnin með kínverskum bragarhætti frá Tang-tímabilinu á 7.–10. öld. Kínverska ljóðskáldið Zheng Chouyu (郑愁予), sem einnig var prófessor í kínverskum bókmenntum við Yale-háskóla, las yfir og veitti góð ráð auk þess að rita formála bókarinnar.

Nútímalegri ljóðapýðingar litu dagsins ljós þegar íslenska sendiráðið í Kína, sem opnað var 1995, styrkti útgáfu ljóðasafns undir titlinum *Tíminn og vatnið*.⁸¹ Í þessari sýnisbók íslenskrar nútímaljóðlistar þýddi Dong Jiping (董继平) 226 ljóð eftir 37 íslenska höfunda í samvinnu við Sigurð A. Magnússon rithöfund, sem áður hafði þýtt ljóðin á ensku. Á meðal höfunda eru Steinn Steinarr, Jón úr Vör, Einar Bragi og einnig seinni tíma skáld, svo sem Nína Björk Árnadóttir, Ólafur Haukur Símonarson og Kristín Ómarsdóttir.⁸²

Bókmenntafræðingurinn sænskumælandi Shi Qin'e, sem þýddi eddukvæði ásamt Si Wen (斯文) og hluta Íslendingasagnanna, ritaði grein um íslenskar bókmenntir í tímaritið *Wenyibao* árið 2014. Í blaðagrein sinni telur hún að þegar hafi yfir 70 íslenskir höfundar verið þýddir á kínversku.⁸³ Auk höfunda sem áður hafa verið nefndir má nefna Andra Snæ Magnason, Gyrði Elíasson, Sjón, Arnald Indriðason, Jón Kalman Stefánsson, Fríðu Á. Sigurðardóttur og Einar Má Guðmundsson, en skáldsögur tveggja síðastnefndu höfundanna

80 Höf. óþekktir, *Haikou shijing* 《海寇詩經》, þýð. Vigdís Wang Chao Bóasson (王超), Reykjavík; Oslo; Göteborg: Gudrun, 1996.

81 Steinn Steinarr o.fl., *Time and the Water: Postwar Poetry of Iceland - Shijian yu shui: zhanhou Bingdao shixuan* 《时间与水:战后冰岛诗选》, þýð. Dong Jiping (董继平), Dunhuang: Dunhuang wenyi chubanshe (敦煌文艺出版社), 1998.

82 Shi Qin'e (石琴娥), „冰岛文学在中国“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

83 Shi Qin'e (石琴娥), „冰岛文学在中国“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

voru þýddar beint úr íslensku af Zhang Xinyu (张欣彧), M.A. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands, einnig þekktur undir íslenska nafninu Halldór.

Halldór þýddi *Hundadaga* 《酷暑天》⁸⁴ sem útleggst á kínversku „Sjóðheitir dagar“ eftir Einar Mát Guðmundsson en sú bók kom út í Beijing 2017. Næst þýddi hann skáldsöguna *Á meðan nóttin liður* 《夜逝之时》,⁸⁵ þar sem merking kínverska titilsins helst óbreytt, eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur gefin út í Beijing 2019. Þá tók hann saman og þýddi að mestu, auk þátttöku Xu Dong (徐冬), smásagnasafn íslenskra höfunda sem birt var í sérblaði⁸⁶ bókmenntatímaritsins *Shijie Wenxue* 《世界文学》. Sögurnar eru *Forstofan* 《门厅》 eftir Braga Ólafsson, *Vængmaður* 《翼人》 eftir Gyrði Elíasson, *Albeimurinn og dimmur flauelskjóll* 《宇宙与黯淡的天鹅绒裙》 eftir Jón Kalman Stefánsson, *Þrjár hurðir* 《三道门》 eftir Kristínu Eiríksdóttur, *Kona og kind* 《女人与羊》 eftir Steinunni Sigurðardóttur og *Fyrnist yfir allt* 《一切归乎遗忘》 eftir Svövu Jakobsdóttur. Von er á fleiri þýðingum íslenskra verka frá Halldóri, þar af nokkrum sem komnar eru í útgáfuferli er þetta er ritað.

Tvær bækur Andra Snæs Magnasonar, *Bláa hnötturinn* 《蓝色星球》^{87 88} og *Tímakistan* 《光阴之盒》,^{89 90} hafa verið þýddar og gefnar út bæði á meginlandi Kína og á Taívan. Þýðing Liu Qingyan (劉清彦) á *Bláa hnöttinum* hlaut fyrsta sæti Lesendaverðlauna barna 2019, sem

84 Einar Mát Guðmundsson, *Ku shu tian* 《酷暑天》, þýð. Zhang Xinyu (张欣彧), Beijing: Renmin wenxue chubanshe, 2017.

85 Fríða Á. Sigurðardóttir, *Ye shi zhi shi* 《夜逝之时》, þýð. Zhang Xinyu, Beijing: Zhongguo guoji guangbo chubanshe (中国国际广播出版社), 2019.

86 *Bingdao wenxue xiaoji* 《冰岛文学小辑》, sérblað um íslenskar bókmenntir í bókmenntaritinu *Shijie Wenxue* 《世界文学》 (ísl. *Heimsbókmenntir*), 6/2018, bls. 5–128, *non vidi*.

87 Andri Snær Magnason, *Lanse xingqiu* 《蓝色星球》, þýð. Guo Yixuan (郭怡萱), Beijing: Beijing kexue jishu chubanshe (北京科学技术出版社), 2009.

88 Andri Snær Magnason, *Lanse xingxing de baizi guo* 《蓝色星星的孩子國》, þýð. Liu Qingyan (劉清彦), Taipei: Xiao tianxia (小天下), 2014. Ath. Þessi þýðing var svo gefin út á meginlandi Kína árið 2018, í Guizhou af Guizhou renmin chubanshe (贵州人民出版社), undir sama titli en með einfölduðum kínverskum táknum meginlandsins, og sú útgáfa hlaut lesendaverðlaunin sem hér er greint frá.

89 Andri Snær Magnason, *Guangyin zhi he* 《光陰之盒》, þýð. Chen Jingyan (陳靜妍), Taipei: Dongfang chubanshe (東方出版社), 2017.

90 Andri Snær Magnason, *Guangyin zhi he* 《光陰之盒》, þýð. Wang Shuhui (王书慧), Nanning: Beijing; Jieli chubanshe (接力出版社), 2018.

kosið er um í Kína ár hvert, með yfir 50 þúsund atkvæðum lesenda.⁹¹

Haustið 2008 hófst íslenskukennsla í Beijing-háskóla erlendra fræða. Greinarformaður íslenskudeildarinnar, Wang Shuhui (王书慧), þýddi *Skugga-Baldur* eftir Sjón úr íslensku og kom hún út hjá Yilin-bókaútgáfunni 2014 undir titlinum 《蓝狐》 eða „Blár refur.“ Wang Shuhui þýddi einnig *Tímakistuma* eftir Andra Snæ sem kom út hjá Jieli-bókaforlaginu í Kína 2018. Nemandur í íslenskudeild Beijing-háskóla erlendra fræða þýddu sömuleiðis úr íslensku dagbók⁹² Jóhannesar úr Kötluum, um ferð fyrstu íslensku sendinefndarinnar er hélt til Kína árið 1952 og varð undanfari Kínversk-íslenska menningarfélagsins. Tvímála útgáfa bókarinnar kom út 2013.

Á Íslandi hófst einnig blómaskeið þýðinga á kínverskum bókmenntum og þýðingum beint úr frummálinu fór fjölgandi. Ber þar helst að nefna þýðingar Ragnars Baldurssonar á *Speki Konfúsíusar* 《论语》⁹³ og bókinni áður nefndu, *Ferlinu og dygðinni* 《道德经》,⁹⁴ og þýðingar Hjörleifs Sveinbjörnssonar á sýnisbók kínverskra bókmennta sem gefin var út undir titlinum *Apakóngur á Silkiveginum*.⁹⁵ Í *Apakóngi* Hjörleifs er að finna brot úr þekktustu bókmenntum Kínverja. Þar eru hlutar af *Þrírikjasögu* 《三国演义》, *Fenjasögu* 《水浒传》, *Vesturferðinni* 《西游记》, *Hinni lærðu stétt* 《儒林外史》, *Drauminum um rauða herbergið* 《红楼梦》, smásagan *Sápa* 《肥皂》 eftir Lu Xun og kafla úr skáldsögunni *Luotuo xiangzi* 《骆驼祥子》 eftir Lao She.

Ragnar og Hjörleifur lærðu báðir kínversku í Beijing á síðari hluta áttunda áratugarins þegar kínverskir ráðamenn kepptu um völdin eftir fráfall Maos. Ragnar sneri sér að kínverskri heimspeki en Hjörleifur að kínverskum bókmenntum. Austur-Asíufræðingurinn Jón Egill Eyþórsson hefur einnig fengist við þýðingar úr fornkínversku og meðal annars þýtt ljóð eftir Wang Wei (王维), eitt af höfuðskáldum

91 Andri Snær Magnason, *The Story of the Blue Planet chosen best children's book in China*, 11. febrúar 2020: <https://www.andrimagnason.com/news/2020/02/the-story-of-the-blue-planet-chosen-best-childrens-book-in-china/> [sótt 3. júlí 2020].

92 Jóhannes úr Kötlum, *Fyrsta íslenska sendinefndin í Alþýðulýðveldinu Kína: Dagbók og ljóð Jóhannesar úr Kötluum* 《首个冰岛代表团访问新中国纪实》, þýð. íslenskunemar Beijing-háskóla erlendra fræða, Beijing: Shijie tushu chuban gongsi (世界图书出版公司), 2013.

93 Höf. óþekktur, *Speki Konfúsíusar*, Ragnar Baldursson, Reykjavík: Iðunn, 1989. Bókin hefur tvisvar verið endurútgefin af bókaútgáfunni Pjaxi 2006 og síðan Ritskinnu 2012.

94 Laozi, *Ferlið og dygðin*, Ragnar Baldursson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010.

95 *Apakóngur á Silkiveginum*, Hjörleifur Sveinbjörnsson tók saman og þýddi, Reykjavík: JPV, 2008.

Tang-tímabilsins, og voru tvö þeirra birt í tímaritinu *Milli mála*⁹⁶ haustið 2018.

Nýleg viðbót verka sem þýdd hafa verið beint úr fornkínversku er *Hernaðarlist meistara Sun* 《孙子兵法》⁹⁷ í þýðingu Geirs Sigurðssonar, prófessors í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands. Ritid er tvímála útgáfa gefin út af Háskólaútgáfunni og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum síðla árs 2019. *Hernaðarlistin*, sem margir þekkja eflaust undir enska titlinum *The Art of War*, er talin vera frá því um 5. öld fyrir okkar tímatal og er á meðal kunnustu fornrita Kínverja.

Tekið er að þýða kínverska kvenhöfunda í auknum mæli, má þar nefna þýðingu Hjörleifs Sveinbjörnssonar á metsölubókinni *Villtum svönum*⁹⁸ eftir Jung Chang (张戎), gefin út 1994,⁹⁹ þýðingu Helgu Þórarinsdóttur á bókinni *Dætur Kína*¹⁰⁰ eftir Xinran (薛欣然) frá 2003 og þýðingu Ingunnar Snædal á *Einu sinni var í austri*¹⁰¹ eftir Xiaolu Guo (郭小橰) gefin út 2017. Bækurnar þrjár fjalla um átakanlegar aðstæður kvenna í Kína og byggjast á upplifunum höfundanna sjálfra. Þær voru fyrst gefnar út í Englandi og bæði *Villtir svanir* og *Einu sinni var í austri* voru samdar á ensku. Bækurnar hafa ekki verið gefnar út í Kína þar sem yfirvöld sníða höfundum býsna þröngan stakk. Sögur kvennanna minna sterklega á kínverskar áfallabókmenntir (kínv. *shangben wensue*) sem komu út skömmu eftir andlát Maos og röktu raunir fólks á tímum menningarbyltingarinnar enda skarast sögusvið kvenhöfundanna og þess tímabils.¹⁰²

Fyrsta nóbelskáld Kínverja, Mo Yan (莫言),¹⁰³ er einnig þekktur fyrir lýsingar á pólitískum og samfélagslegum breytingum í Kína frá

96 Jón Egill Eypósson, „Um Wang Wei“ ásamt ljóðapýðingum, *Milli mála* 2018, bls. 129–133.

97 Sunzi, *Hernaðarlist meistara Sun*, Geir Sigurðsson, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum: Háskólaútgáfan, 2019.

98 Jung Chang, *Villtir svanir: þrjár dætur Kína*, Hjörleifur Sveinbjörnsson, Reykjavík: Mál og menning, 1994.

99 Jung Chang og Jon Halliday eru höfundar bókarinnar *Mao: The Unknown Story* sem kom út í íslensku þýðingu Ólafs Teits Guðnasonar undir heitinu *Maó: Sagan sem aldrei var sögð* hjá JPV árið 2007, rétt er að geta þýðingarinnar þótt bókina sé ekki einungis eftir kínverskan höfund.

100 Xinran, *Dætur Kína: bældar raddir*, Helga Þórarinsdóttir, Reykjavík: JPV, 2003.

101 Xiaolu Guo, *Einu sinni var í austri: uppvaðarsaga*, Ingunn Snædal, Reykjavík: Angústúra, 2017.

102 Önnur bók eftir Xinran, *Himnaför* (e. *Sky burial*), var þýdd á íslensku af Önnu Maríu Hilmarsdóttur og gefin út 2004 og einnig bókina *Hnitmiðað kínversk-íslensk orðabók fyrir elskendur* (e. *A Concise Chinese-English Dictionary for Lovers*) eftir Xiaolu Guo í þýðingu Ingunnar Snædal, gefin út 2020.

103 Mo Yan er höfundarnafn Guan Moye (管谟业) og merkir „ekki tala“.

sjónarhorni hins almenna borgara. Sum af verkum hans hafa verið bönnuð í Kína en með því að sveipa hráar sögur af fortíðinni töfra-raunsæi hefur hann fetað sig áfram á mörkum ritskoðunar. Tvær sögur eftir hann hafa verið þýddar á íslensku en þó er ekki um frum-þýðingar að ræða. Nóvellan *Umskipti* 《变》¹⁰⁴ var þýdd af Böðvari Guðmundssyni 2013 og er skrifuð í formi endurminninga höf-undarins. Smásagan *Töfralækningin* 《灵药》, í þýðingu Lárusar Jóns Guðmundssonar og gátuð af Halldóri Xinyu Zhang, birtist í safn-ritinu *Smásögur heimsins: Asía og Eyjaálfa*¹⁰⁵ sem kom út 2018. Nóbels-skáld Íslands og Kína hafa því bæði verið þýdd og gefin út á íslensku og kínversku en gaman væri að sjá þýðingar á lengri verkum Mo Yan.

4. Niðurlag

Hér hafa þýðingum íslenskra og kínverskra bókmennta verið gerð skil og skipt niður í þrjú tímabil sem endurspeglar stig og tíðni samskipta á milli Íslands og Kína. Fyrstu þýðingarnar, örfáar, eru gerðar á fyrri hluta 20. aldar ýmist undir áhrifum guðspeki, kristniboðs eða raun-sæisstefnunnar í bókmenntum á miklu umbreytingaskeiði í Kína.

Næst tekur við tímabil sósíalískra hugsjóna kalda stríðsins sem mótast annars vegar af áhuga íslenskra sósíalista á hinu nýja „rauða“ Kína og hins vegar af utan- og innanríkismálum Kínverja. Tíma-setningar þýðinganna kallast á við pólitíska atburði eins og glögg ták sjá á þýðingum verka Halldórs Laxness bæði þegar hætt er að þýða verk hans vegna ósættis Kínverja og Rússa 1960 og eins þegar þýðing á *Sjálfstæðu fólki* kom út í Taívan 1972, líklega sem viðleitni til að aftra myndun stjórnámbands Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína þótt of seint yrði. Takturinn og efnistöð við þýðingar á kínverskum bókmenntum breyttist eftir að stjórnarskipti urðu á Íslandi í júlí 1971. Áherslan var ekki lengur bundin við samtíma raunsæis- og byltingarbókmenntir Kínverja sem þó héldu áfram að koma út fram yfir andlát Maos.

Þriðja tímabilið endurspeglar ákveðið pólitískt jafnvægi og aukin samskipti í samræmi við opunarstefnu Kínverja. Fjölbreyttari raddir

104 Mo Yan, *Umskipti*, Böðvar Guðmundsson, Akranes: Uppheimar, 2013.

105 *Smásögur heimsins: Asía og Eyjaálfa*, Rúnar Helgi Vignisson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Jón Karl Helgason ritstýrðu, Reykjavík: Bjartur, 2018.

heyrast nú en áður þegar tekið er að þýða bæði íslenska og kínverska kvenhöfunda samtímans. Eftir því sem samskipti þjóðanna aukast, íslenskt sendiráð var opnað í Kína og fleiri Íslendingar og Kínverjar ná tókum á tungumáli hvorra annarra, fer þýðingum beint úr frummálinu fjölgandi, jafnt á fornfrægum verkum sem nútímabókmenntum.

ÚTDRÁTTUR

Gluggi í austurátt: þýðingasaga íslenskra og kínverskra bókmennta

Í þýðingum íslenskra og kínverskra bókmennta kennir ýmissa grasa þótt beinar þýðingar á milli tungumálanna hafi lengst af verið fátíðar. Þjóðirnar státa báðar af ríkulegum bókmenntaarfi en val á verkum til þýðinga hefur að miklu leyti mótast af samfélagsaðstæðum og pólitísku andrúmslofti hvers tíma. Í þessari samantekt þýðinga er leitast við að skýra val á verkum og setja í sögulegt samhengi. Bókmenntaþýðingum á milli íslensku og kínversku má skipta niður í eftirfarandi þrjú tímabil:

1. Tímabil fyrstu skrefa, frá útgáfu fyrstu þýðingarinnar 1921 og fram til 1937.
2. Tímabil sósíalíks eldmóðs, frá stofnun Alþýðulýðveldis Kína 1949 og fram til 1977.
3. Tímabil jafnvægis og vaxandi samskipta, frá 1978 og fram til okkar daga.

Árið 2021 verða hundrað ár liðin frá útgáfu fyrstu þýðingar kínversks rits á íslensku. Það var þýðing heimspékiritisins *Daodejing* 《道德经》, eignað Laozi, sem fyrst var þýtt og gefið út hérlendis undir titlinum *Bókin um veginn*. Síðan þá hafa bæst við þýðingar fjölmargra kínverskra verka og frumþýðingar úr bæði fornkínversku og nútímakínversku hafa litið dagsins ljós. Jafnframt hefur mikið af íslenskum bókmenntum verið þýtt á kínversku. Fyrsta íslenska verkið sem þýtt var á kínversku er útgáfa með völdum versum *Passúsálmanna*, eftir Hallgrím Pétursson, sem kom út 1928 og hlaut á kínversku titilinn *Shijiakefeng* 《詩家可風》. Alls hafa verk yfir 70 íslenskra höfunda verið þýdd og gefin út í Kína, allt frá íslenskum fornbókmenntum á borð við eddukvæðin og Íslendingasögur til ljóða og bókmennta samtímaskálda.

Lýkilorð: þýðingasaga, þýðingar, bókmenntir, kínverska, Kína

ABSTRACT

A Window to the East: The translation history of Icelandic and Chinese literature

There are many interesting findings in the translation history of Icelandic and Chinese literature although direct translations between the two languages were rare for a long time. Both nations are known for their rich literary heritage and the choice of literary works for translations has largely been influenced by social circumstances and the political atmosphere of each period. In this overview of translations these editorial choices will be reviewed and explained with historical context. Literary translations between Icelandic and Chinese can be divided into three time periods:

1. The first steps, from the first published translation in 1921 until 1937.
2. The socialists' enthusiasm, from the founding of the People's Republic of China in 1949 until 1977.
3. Time of balance and increased communications, from 1978 up till now.

In 2021 a hundred years have passed since the first publishing of a Chinese literary work in Icelandic. The famed philosophical texts of *Daodejing* 《道德经》, attributed to Laozi, were the first to be translated and published in Iceland, with the Icelandic title *Bókin um veginn*. Since then a lot of Chinese literature has been translated into Icelandic and direct translations from both ancient and modern Chinese have been published. Likewise, a great deal of Icelandic literature has been translated into Chinese. The first literary work to be translated into Chinese comprised a selection of poems from *The Passion Hymns* by Hallgrímur Pétursson, published in 1928 under the title *Shijiakefeng* 《詩家可風》. Altogether, works by more than 70 Icelan-

dic authors have been translated and published in China, varying from Icelandic Old Norse literature, such as the eddaic poems and the sagas, to the poetry and literature of modern-day writers.

Keywords: translation history, translations, literature, Chinese, China